

107

31. ágúst

6. gr.

Stjórnendur sjóðsins eru: Oddviti Norðurárdalshrepps, kona kosin af atkvæðisbærum konum hreppsins og þriðji maður kosinn af gefendum sjóðsins og atkvæðisbærum afkomendum þeirra, meðan þeir eru búsettir í hreppnum, og sé hann formaður stjórnarinnar.

7. gr.

Sjóðnum skulu fylgja tvær bækur. Bók, þar sem skráðir eru fæðingardagar og ár svo og dánardægur og ár ásamt helztu æviatriðum þeirra, sem sjóðurinn er stofnaður til minningar um. Svo og þeirra, sem sjóðnum eru gefnar minningargjafir um, eftir því sem sjóðstjórnin sér það fært, eða ef gefendur óska þess, enda leggi þeir þá til nauðsynlegar upplýsingar.

Þá skal fylgja sjóðnum gerðabók, þar sem skráð er, hverjir fara með stjórn á hverjum tíma, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar, reikningar sjóðsins og fleira, er þurfa þykir.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins, ber henni að ávaxta hann á öruggum stað eða í vel tryggðum verðbréfum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af tveim endurskoðendum kosnum af sömu aðilum, sem kjósa stjórn sjóðsins, þannig að konur hreppsins kjósa annan, en stofnendur og afkomendur þeirra hinn.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Sverrir Gíslason. Þórður Ólafsson.

108

2. sept.

REGLUGERÐ

fyrir „Gvendarlaug hins góða“ að Klúku í Bjarnarfirði.

1. gr.

Eigendur sundlaugarinnar eru Kaldrananeshreppur og sundfélagið „Grettir“ í Bjarnarfirði.

2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu „Gvendarlaug hins góða“.

3. gr.

Reksturinn er í höndum þriggja manna sundlaugarstjórnar.

4. gr.

Sundlaugarstjórn er þannig skipuð: Skólanefnd Drangnesskólahverfis og skólanefnd Kaldrananesskólahverfis tilnefna sinn manninn hvor, þriðji skal tilnefndur af sundfélaginu Gretti, og er hann formaður stjórnarinnar. Starfstími stjórnarinnar er fjögur ár og miðast við kosningu hreppsnefndar á hverjum tíma.

5. gr.

Sundlaugarstjórnin ber ábyrgð á rekstri sundlaugarinnar. Hún skal halda nákvæma dagbók um störf sín og starfrækslu eignarinnar.

108

2. sept.

6. gr.

Stjórnin skal árlega gera áætlun um rekstur eignarinnar, er leggist fyrir hreppsnefnd Kaldrananeshrepps og stjórn sundfélagsins Grettis til samþykktar. Afrit af endurskoðuðum ársreikningum sendist sömu aðilum. Tveir endurskoðendur skulu tilnefndir, annar af hreppsnefnd og hinn af sundfélaginu Gretti. Hlutverk sundlaugarstjórnar er enn fremur að:

- a. raða niður sundtímum og baðtímum og gera ákveðnar tillögur um afnotagjöld,
- b. ráða starfsmenn við daglegan rekstur eignarinnar og gefa fastráðnum starfsmönnum erindisbréf,
- c. lána sundlaugina til sýninga og kappmóta,
- d. ákveða um viðhald eignarinnar og áhaldakaup,
- e. gera tillögur um endurbætur.

Þegar raðað er niður sundtímum skólanna, skulu skólastjórar tilkvaddir, og skólunum gefinn kostur á tímum, er bezt samrýmast stundaskrá þeirra og fullnægja kröfum um sundnám.

7. gr.

Eignina má eingöngu leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni. Íþróttafélögin í Kaldrananeshreppi sitja fyrir notkun sundlaugarinnar, að barnafræðslunni undanskilinni.

8. gr.

Ræsting og viðhald skal vera samkvæmt fyrirætlunum um rekstur og notkun sundstaða.

9. gr.

Reikningsár eignarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Verði ágóði af rekstrinum, skal honum varið til nauðsynlegra áhaldakaupa, viðhalds og endurbóta á eigninni, utan sem innan.

11. gr.

Sundlaugarstjórn annast kaup á áhöldum, og sé stofnunin eigandi þeirra allra.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaganna nr. 25 frá 12. febr. 1940, og öðlast gildi nú þegar.

Menntamálaráðuneytið, 2. september 1948.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.